

Fjallabyggð



Frístundastyrkir Fjallabyggðar 2026 - Reglur og skilyrði

1. Markmið og tilgangur frístundastyrkja

- Meginmarkmið frístundastyrkja er að öll börn og unglingar í Fjallabyggð geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.
- Með frístundastyrknum má greiða fyrir skipulagða íþrótt-, lista- og tómstundastarfsemi, á vegum félaga, samtaka, stofnana og einstaklinga.
- Frístundastyrkurinn eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótt-, lista- og tómstundastarfsemi.
- Með frístundastyrknum skapast einnig möguleikar til nýrrar starfsemi og sérstakra verkefna sem beinast að ófélagsbundinni æsku.

2. Skilyrði fyrir veitingu frístundastyrkja

- Að skráning í námskeið og greiðslur fari í gengum Sportabler
- Að iðkandi/styrkþegi eigi lögheimili í Fjallabyggð.
- Að einstaklingur/félagið/stofnunin sem stendur fyrir frístundastyrkhæfu tómstunda og/eða frístundastarfi hafi gert samning um móttöku frístundastyrkja við Fjallabyggð.
- Einungis skal gera samning við einstakling hafi hann leyfi og/eða menntun til þjálfunar/kennslu í þeirri íþrótt eða tómstund sem hann býður upp á.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 4 – 18 ára miðað við fæðingarár.
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða hvert stakt námkeið a.m.k. 10 klst.
- Að ekki verði óeðlilegar hækkanir á kostnaði við iðkun og æfingagiöldum.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en þátttöku- eða æfingagjald viðkomandi íþrótt- eða tómstundagreinar.

3. Reglur um notkun frístundastyrkja

- Styrkurinn veitir foreldrum og forráðamönnum rétt til að ráðstafa ákveðinni upphæð á ári fyrir hvert barn. Skal sú upphæð ákveðin við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Fyrir árið 2026 er upphæðin kr. 52.000
- Frístundastyrkur er rafrænn og foreldrar velja að nýta hann þegar þeir skrá börn sín á styrkhæft námskeið, íþróttæfingar, tónlistarnám o.s.frv. Umsýsla fer öll í gegnum Sportabler
- Frístundastyrkur færir ekki á milli almanaksára. Ónýttur styrkur fellur úr gildi í lok hvers árs.
- Með frístundastyrk má greiða fyrir skipulagt frístundastarf hjá einstaklingi, félagi eða stofnun sem gert hefur samning við Fjallabyggð um móttöku frístundastyrkja. Þetta á t.d. við um starfsemi viðurkenndra íþróttafélaga, æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla og fl. Skilyrði er að viðkomandi nýti Sportabler til skráningar og greiðslu.
- Með frístundastyrk má greiða kort í líkamsrækt og sund í íþróttamiðstöð Fjallabyggðar. Sala korta í líkamsrækt og sund fyrir þennan aldurshóp fer í gegnum Vefverslun Sportabler á heimasíðu Fjallabyggðar.
- Með frístundastyrk má greiða skólagjöld í Tónlistarskólann á Tröllaskaga
- Með frístundastyrk má greiða skíðapassa á skíðasvæðin í Fjallabyggð. Sala skíðapassa

fyrir þennan aldurshóp fer í gegnum Vefverslun Sportabler á heimasíðu Fjallabyggðar.

- Með frístundastyrk má greiða fyrir þátttöku í sérstökum samstarfsverkefnum eða námskeiðum sem hafa það að markmiði að ná til ófélagsbundinna barna og unglunga og virkja þau í skipulögðu félagsstarfi.
- Mögulegt er að nýta frístundastyrk fyrir æfingargjöld eða frístundastarf utan Fjallabyggðar ef viðkomandi félag notast við Sportabler við innheimtu gjalda.
- Þegar foreldri eða forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags þá er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra.

4. Framkvæmd skráningar og uppgjörs frístundastyrkja

Hver aðili skal gera samning við Fjallabyggð ætli hann að geta tekið við rafrænum frístundastyrk fyrir greiðslu. Þar kemur fram nafn einstaklings, félags eða stofnunar og um hvaða frístundastarf er að ræða.

Skilyrði er að skráning og greiðsla á viðkomandi námskeið sé gerð með rafrænum hætti og skal viðkomandi skráningarkerfi tengjast frístundakerfi Fjallabyggðar, Sportabler. Ef námskeiðshaldari er ekki með Sportabler býðst viðkomandi að fá aðgang að skráningarkerfi á vegum Fjallabyggðar.

5. Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir

Næsta endurskoðun skal fara fram eigi síðar en við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2026 .

Reglurnar tóku gildi 1. maí 2011.

Síðasta breyting staðfest á 264. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar 27.11. 2025.